

Texti til kynningarmála vegna Borgað þegar hent er



SAMBAND
ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Eftirfarandi texta má nýta í fréttatilkynningar eða önnur kynningarmál vegna innheimtu samkvæmt Borgað þegar hent er kerfi. Aðlagið og breytið eftir þörfum:

Sveitarfélögum er skylt samkvæmt lögum að innheimta gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs sem næst raunkostnaði. Skylt er að innheimta gjald sem miðast við magn og gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélög þurfa því að hverfa frá því að nota kerfi sem innheimtir eitt fast gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í að innheimta samkvæmt því magni og tegund úrgangs sem hver og einn lætur frá sér.

Nýtt kerfi við innheimtu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs var innleitt hjá **sveitarfélaginu xxx** um áramótin í samræmi við lagaákvæði sem tóku gildi á síðasta ári. Innheimtan tekur í dag mið af aðferð sem hefur verið nefnd „Borgað þegar hent er“ (e. Pay as you throw) sem gengur út á að innheimt er eftir magni og tegund úrgangs í stað fasts gjalds. Þannig verður til fjárhagslegur hvati til að draga úr myndun úrgangs en jafnframt hvati til að skila úrgangi flokkuðum til endurnotkunar og endurvinnslu, fremur en með blönduðum úrgangi.

Íbúar hafa ákveðinn sveigjanleika til að hafa áhrif á kostnað sinn við meðhöndlun úrgangs með því að ákveða stærð, fjölda og tegund íláta við sitt heimili. Þannig geta þeir sem láta minna af úrgangi frá sér og flokka meira, lækkað kostnað sinn vegna meðhöndlunar úrgangs. Á álagningarseðlum sem íbúar fá í ár er að finna upplýsingar um gjöld annars vegar byggð á stærðum, fjölda og tegundum íláta og hins vegar gjöld vegna fasts kostnaðar vegna reksturs grenndar- og söfnunarstöðva og annars fasts kostnaðar. Þessi innheimta tryggir jafnframt betur kostnaðarþátttöku þeirra sem skila mestum úrgangi.

Innheimta eftir stærð og fjölda íláta í gegnum álagningarkerfi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, svokölluð rúmmálsleið, er einfaldasta leiðin til að innleiða Borgað þegar hent er kerfi. Rúmmálsleiðin uppfyllir kröfur laga um meðhöndlun úrgangs og krefst þess að sveitarfélög kortleggi fjölda og stærð íláta, útfæri gjaldskrá sem tekur mið af magni og tegund úrgangs og bjóði íbúum sínum upp á að geta breytt fjölda, stærð og tegund íláta sem þeim ber að hafa við heimili sitt samkvæmt fyrirmælum sveitarstjórnar.

Fast gjald vegna meðhöndlunar úrgangs má samkvæmt lögum takmarkast við 50% af innheimtu til ársins 2025. Frá og með áramótum 2025 mega föst gjöld þó aðeins vera 25% af innheimtu sveitarfélaga og breytileg gjöld 75% af innheimtu sveitarfélaga.

Hafa má samband við xxxx í gegnum tölvupóst/síma/vefgátt ef spurningar vakna um nýtt fyrirkomulag innheimtu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs.

Tenglar með upplýsingum um BPHE innheimtu:

Spurt & svarað í úrgangsmálum – upplýsingar á vefsíðu sambandsins:

<https://www.samband.is/verkefni/umhverfis-og-urgangsmal/innleiding-hringrasarhagkerfis/spurt-og-svarad-i-urgangsmalum/>

Borgað þegar hent er heim í hérað – upplýsingar á vefsíðu sambandsins:

<https://www.samband.is/verkefni/umhverfis-og-urgangsmal/innleiding-hringrasarhagkerfis/borgad-thegar-hent-er/>

Sjá einnig stuttan texta hér: urgangur.is og hér: <https://urgangur.is/betur-gert-flokkad-og-merkt/>

Gefið út í apríl 2024